



Nr.: STL-038	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 04		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: BEN		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Kennari	

Svið/deild:		Starfshlutfall: Samkvæmt ráðningarsamningi
Næsti yfirmaður:		Skólameistari
Faglegur yfirmaður:		Fag-/brautarstjóri

Markmið starfs	Hefur umsjón með og undirbýr kennslu og námsmat í þeim áföngum, sem honum er falið að kenna, þannig að hann fylgi markmiðum skólans. Fylgist með að kennsla og námsefni uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða sem gilda um rekstur framhaldsskóla.
	Ábyrgðarsvið
1.	Annast undirbúning kennslu í þeim áföngum sem honum er úthlutað hverju sinni.
2.	Annast kennslu í þeim áföngum sem honum er úthlutað hverju sinni og fylgist með því að yfirferð námsefnis sé í samræmi við námsáætlun.
3.	Annast námsmat í þeim áföngum sem honum er úthlutað hverju sinni.
4.	Fylgist með breytingum á námsskrám í sinni grein og fylgir skólanámskrá VMA.
5.	Fylgist með mætingum nemenda í sínum áföngum.
6.	Ber ábyrgð á sí- og endurmenntun sinni og því að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.)
7.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt viðskiptavinum sínum innan og utan hans sem besta þjónustu.

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)
Uppfylla kröfu um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Hafa sem viðtækasta þekkingu/reynslu í því fagi sem hann kennir. Hafa drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Hafi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæða framkomu gagnvart nemendum og samstarfsfólki. Hafi skipulagshæfileika og sýni frumkvæði og árvekni í starfi.

Nr.: STL-038	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 04		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Kennari	

	Helstu verkefni:
1.	Annast kennslu í þeim námsáföngum sem honum er faldir hverju sinni.
2.	Annast undirbúning kennslu í þeim áfanga/áföngum sem honum er falið hverju sinni. Skilar inn kennsluáætlunum samkvæmt GÁT-045 áður en kennsla hefst í áfanganum.
3.	Annast námsmat/prófgerð í þeim áfanga sem honum er falið hverju sinni samkvæmt VKL-306 og VKL-307.
4.	Skráir viðveru nemenda við lok hvers kennsludags í Innu og gerir miðannarmat hjá öllum nemendum sínum.
5.	Skilar áfangaskýrslum (GÁT-013) og tekur þátt í framvindumati ásamt fag/brautarstjóra.
6.	Situr fundi á sínu fagsviði undir stjórn brautar- eða fagstjóra og fylgir ákvörðunum fundarins.
7.	Tekur þátt í þróunar- og umbótastarfi er lýtur að almennu skólastarfi og innan sinnar greinar.
8.	Sækir sí- og endurmenntunarnámskeið innan skólans og utan s.s. sumarnámskeið sem skipulögð eru af Endurmenntun Kennarasambands Íslands og/eða öðrum sí- og endurmenntunarstofnunum.
9.	Fylgist með mætingum nemenda og kemur upplýsingum um slaka ástundun og mætingar á framfæri við sviðsstjóra.
10.	Framfylgir skólareglum VMA í umboði skólameistara.
11.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

Tengsl	
Daglega	Nemendur og starfsfólk Verkmenntaskólans á Akureyri.
Sjaldnar	Kennarar í öðrum framhaldsskólum, forráðamenn nemenda, fyrirtæki og stofnanir sem tengjast kennslugreininni.

Starfstími	18. ágúst – 31. maí auk vinnudaga kennara við upphafi og lok anna
Ráðningartími	Ótímabundinn eða samkvæmt ráðningarsamningi